

AUGLÝSING

71

11. maí

um breyting á hafnarreglugerð Keflavíkurkaupþúns frá 22. janúar 1942.

24. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist svo:

Fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem bátar liggja við bátabryggju, garð eða hafskipabryggju, greiði þeir sem hér segir:

Bátar	að 30 tonn	verg (brúttó)	greiði	kr.	5.35
—	30—60	—	—	—	13.25
—	60—100	—	—	—	25.00
—	100—200	—	—	—	35.00
—	200—450	—	—	—	50.00

Reglugerðarbreyting þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 11. maí 1942.

Eysteinn Jónsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

72

11. maí

um breytingu á vörugjaldi samkvæmt hafnarreglugerð fyrir Sauðárkrók, nr. 136 16. desember 1938.

Vörugjald samkvæmt 23. gr. hafnarreglugerðarinnar innheimtist fyrst um sinn, þar til öðruvísi verður ákveðið, með allt að 75% viðauka.

Auglýsing þessi er gefin út samkvæmt lögum nr. 65 8. september 1931, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Gengur gjaldhækkunin í gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 76 15. apríl 1940, um sama efni.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 11. maí 1942.

Eysteinn Jónsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

73

13. maí

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjakaupstað, nr. 70 30. ágúst 1926, sbr. reglugerð nr. 9 4. janúar 1941.

1. gr.

Gjöld samkvæmt hafnarreglugerðinni skulu hækka svo sem hér segir:

- Vörugjald af öllum vörum hækki um 100% — hundrað prósent —. Hækkun þessi skal þó ekki ná til kornvöru, kaffi, sykurs, smjörlikis og hráolíu.
- Hafnar- og hafnsögugjöld hækki um 50% — fimmtíu prósent —.